	Hafnarfjarðarbær
Innk:	11/11 2015
Málsnr:	1511154
Bréfal:	263

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Formaður, Rósa Guðbjartsdóttir

Hafnarfjörður, 11. nóvember 2015

Efni: Ósk um nýtt húsnæði fyrir Leikfélag Hafnarfjarðar

Þær aðstæður sem Leikfélagi Hafnarfjarðar eru búnar í Gaflaraleikhúsinu standa félaginu fyrir þrífum. Leikfélagið er öflugasta áhugaleikfélag á landinu þegar kemur að frumflutningi á nýjum íslenskum leikverkum og hefur á að skipa mjög virkri höfundasmiðju. Það hefur m.a. skapað sér sérstöðu á síðustu misserum með stuttverkahátíðum sínum, Hinu vikulega, sem verða æ vinsælli, en þar er Hafnfirðingum og nærsveitamönnum boðið frítt í leikhús að sjá frumsamin verk.

Leikfélagið hefur nú á að skipa öflugum og vel þjálfuðum leikarahópi og vel menntuðum og reyndum leikstjórum, auk höfundanna. Félagið hefur áhuga á að geta boðið uppá samfelldari og fjölbreyttari dagskrá fyrir áhorfendur og verið með virka starfsemi allt árið um kring, m.a. með auknu námskeiðsframboði og fleiri leiksýningum og uppákomum. Þetta er félaginu ekki mögulegt í dag.


Leikfélag Hafnarfjarðar er nú til húsa í Gaflaraleikhúsinu og er háð starfsemi og skipulagi þess leikhúss. Leikfélaginu er úthlutað nokkrum vikum á ári til æfinga og leiksýninga. Það verður að setja upp leiksýningar sínar inn í leikmynd Gaflaraleikhússins og er óheimilt að eiga við ljósabúnað. Takmarkanir sem fylgja því að hafa ekki yfir eigin húsnæði að ráða hafa orðið til þess að leikfélagið nær ekki að starfa af þeim metnaði sem því hugnast og kemur í veg fyrir þá nýliðun sem er félaginu nauðsynleg til þess að vaxa og dafna og þjóna samfélaginu. Einnig er mikilvægt að missa ekki það góða fólk sem nú starfar með leikfélaginu vegna plássleysis.

Það myndi skipta sköpum fyrir Leikfélag Hafnarfjarðar að fá til umráða húsnæði sem það gæti notað allt árið um kring. Leikfélagið óskar því eftir því að fá inni í sínu gamla húsnæði í Lækjarskóla. Það húsnæði myndi uppfylla þarfir leikfélagsins þar sem það hæfir þeirri stærð á leiksýningum sem félagið setur upp alla jafna. Félagið gæti þá jafnvel leitað til Gaflaraleikhússins til sýninga á stærri uppsetningum.

Leikfélag Hafnarfjarðar hefur til langs tíma verið mikilvægur hluti af menningarlífi Hafnfirðinga, en félagið fagnar 80 ára starfsafmæli á næsta ári og er því eitt elsta starfandi áhugaleikfélag á landinu. Það hefur áhuga á að gera mikið úr afmælisárinu, en við núverandi aðstæður er það ekki hægt.

Því fer Leikfélag Hafnarfjarðar þess á leit að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði komi félaginu til aðstoðar og útvegi því nýtt húsnæði fyrir starfsemina, svo félagið geti þrífist og dafnað og haldið áfram að bjóða Hafnfirðingum á öllum aldri upp á vandaða dagskrá allt árið um kring.

Fyrir hönd Leikfélags Hafnarfjarðar,


Gísli Björn Heimisson
formaður